

gert með sér skriflega samninga um það, er giltu tíma og tíma. Virðist ætíð hafa verið svo samið, að uppsagnarfrestur skyldi vera einn mánuður af hálfu þeirra beggja. Eftir gildistöku samningsins frá 31. desember 1940 gerðu aðiljar engan slíkan sérsamning sín í milli. Verður því að ætla, að réttarsamband þeirra hafi verið í samræmi við hann, þar sem enginn fyrirvari var gerður af hálfu stefnds í gagnstæða átt, og telja verður, að þeim hafi báðum átt að vera ljóst, að nýnefndur samningur var í gildi allan þann tíma, er stefnandi vann hjá stefndum. Leiðir af þessu að taka ber til greina allar kröfur stefnanda og þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dóm þenna kvað upp Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Alfred Rosenberg, greiði stefnandanum, Skafta Sigþórssyni, kr. 1418.25 með 5% ársvöxtum frá 15. apríl 1942 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. febrúar 1944.

Nr. 117/1943. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)
gegn

Sigurði Sigurbjörnssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Ölvun við bifreiðaakstur.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Hjálmar Vilhjálmsson bæjarfógeti á Seyðisfirði.

Ákærði er sannur að sök um brot á refsíakvæðum þeim, er í héraðsdómi greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Ákærði hefur kannast við, að hann hafi áður ekið bifreið með áhrifum áfengis. Svo hefur hann og í maí 1943 hlotið áminningu fyrir brot á ákvæðum bifreiðalaga og í júní sama ár sekt fyrir brot á ákvæðum áfengisлага. Samkvæmt þessu þykir nú verða að svipta hann ökuleyfi um tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Ákærði viðurkenndi, að hann hefði áður ekið bifreið með áhrifum áfengis. Héraðsdómari rannsakaði ekki þetta atriði og gaf ákærða það ekki að sök. Svo er og rannsóknin ekki nægilega rækileg að því er varðar brot ákærða gegn ákvæðum 108. gr. laga nr. 19/1940. Loks athugast, að héraðsdómari hefði átt að gefa út stefnu í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurður Sigurbjörnsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann skal og sviptur ökuleyfi 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Línalds og Gunnars Þorsteinssonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Seyðisfjarðar 11. ágúst 1943.

Mál þetta er höfðað gegn Sigurði Sigurbjörnssyni, til heimilis Gilsárteigi Eiðahreppi Suður-Múlasýslu, af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu fyrir ætluð brot á lögum nr. 23 frá 16. júní 1941, lögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögum nr. 19 frá 12. febrúar 1940 og lögreglusamþykkt Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 153 frá 12. sept. 1941, svo og til greiðslu alls málskostnaðar.

Ákærður Sigurður Sigurbjörnsson hefur náð löfgaldri sakamanna, er fæddur 27. maí 1920 að Höfðaseli í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

1943 ³/₁₆ Sætt áminningu og aðvörun fyrir brot á 38. gr. 2. mgr. laga nr. 23 frá 1941.

1943 ⁷/₁₆ Sætt 50 króna sekt og 10 króna skaðabótum fyrir ölvun á almannafæri.

Aðfaranótt sunnudags 8. ágúst s. l. var ákærður allmikið drukkinn á dansleik, er þá stóð yfir í Bíóhúsinu hér í bænum. Fór hann þannig á sig kominn í bifreið sína U 60 og ók henni á hermanna-skála. Var ætlun hans sú, að aka bifreiðinni afsíðis í því skyni að hafa næði til þess að drekka með fólki, sem hjá honum var í bif-

reiðinni. Engin spjöll hlutust af árekstrinum. Á dansleik þessum sýndi ákærður drykkjulæti og viðhafði þau orð, að hann skyldi slá Hermann Hermannsson lögregluþjón niður.

Lýsing þessi er byggð á skýrslu lögregluþjónanna Hermanns Hermannssonar og Björns Jónssonar, svo og eigin játningu ákærðs. Einnig hefur hann játað það, að hann hafi a. m. k. einu sinni áður ekið bifreið ölvaður, og sé næstum eitt ár liðið síðan það var.

Með því að aka bifreið undir áhrifum áfengis, eins og nú var lýst, hefur ákærður gerzt sekur um brot á 23. grein bifreiðarlaganna nr. 23 frá 1941, og ber að refsa honum fyrir það samkvæmt 38. gr. sömu laga. Með því að viðhafa drykkjulæti á almennri samkomu hefur hann gerzt sekur um brot á 18. gr. áfengislaganna nr. 33 frá 1935, sbr. 38. gr., og 1. gr. lögreglusamþykktar Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 153 frá 1941, sbr. 78. gr. Með hótun þeirri, er framan er nefnd, sem ákærður viðhafði um lögregluna, hefur hann gerzt sekur um brot á 12. kapitula alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þar eð hótun þessi virðist ekki hafa verið sett fram við lögregluþjóninn sjálfan né í neinum sérstökum tilgangi, en var á hinn bóginn freklega móðgandi, ber að heimfæra þetta brot ákærða undir 108. gr. hegningarlaga.

Refsing sú, sem ákærður hefur til unnið samkvæmt framanrituðu, þykir með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin 15 daga varðhald, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum, ef fullnægt verður skilyrðum alm. hegningarlaga 6. kapitula.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðarlaganna ber að svipta ákærðan rétti til að stjórna bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Sigurður Sigurbjörnsson, sæti 15 daga varðhaldi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef hann heldur skilorð 6. kapitula alm. hegningarlaga.

Hann skal og sviptur ökuleyfi til þess að stjórna bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.